

George Berkeley. Glefsur úr speki hans

Írski átjándu aldar heimspekingurinn, biskup George Berkeley (1685-1753), horfði á heimspekiiðkun gagnrýnum augum. Í „Principles of Human Knowledge“ (Grundvallarreglur um mannlega þekkingu), í fyrstu inngangsgrein, kemst hann svo að orði:

„Heimspekin eða ástarspektin snýst einvörðungu um speki og sannleika. Því mætti með sanngirni vænta þess, að þeir, sem eru þaulsetnir yfir fræðunum og ástunda þau gjörhugult, uppskæru í senn hugljómum, hugarró og vissu. Því ættu þeir hinir sömu síður að velkjast í vafa og reyna erfíðleika en aðrar menn. En því er sannarlega ekki svo farið. Hinn menntunarsnaði meirihluti fólks, sem af eðlishvöt arkar þá lífsleið, sem vörðuð er almennri skynsemi, sýnir yfirleitt fá merki brenglunar eða vansældar. Það, sem fyrir augu og eyru ber, virðist fólk flest bera átakalaust skynbragð á. Það lætur ekki í ljósi vantraust á skilningarvitum sínum. Eigi heldur vofir yfir því sú hætta að ánetjast efahyggju. En undir eins og viti hinnar æðri reglu lýsir og leiðsögn skilningarvita og eðlishvata sleppir, þ.e. þegar við sökkvum niður í íhugun og brjótum heilann um eðli hlutanna, bregður birtu þess skilnings, sem við áður áttum, og hugurinn týnist í þoku efasemdanna.“ (Þýðing mín.)

GB andmælti hugtakinu um frumeiginleikana, færði rök fyrir því, að skynjun þeirra væri alfarið hugbundin einnig. Að hans dómi var hið skynjaða grundvöllur þekkingar mannsins, en Guð skynjaði aftur á móti allt. Þar eð maðurinn gæti ekki skynjað efni, væri það ekki þekktanlegt sem slíkt. En GB neitaði í sjálfu sér ekki tilvist þess eins og hann er oft túlkaður. *Esse est percipi*; að vera er að vera skynjaður.

Á hans tíma var því m.a. haldið fram af eðlisfræðingnum, Galeleo Gallilei, og heimspekingunum, John Locke, að til væru tvenns konar eiginleikar, frumeiginleikar (primary qualities) eða fyrsta stigs eiginleikar, sem væru algjörlega háðir hlutum í hinni ytri veröld, og svo annarlegum eða annars stigs eiginleikum (secondary qualities), sem aðeins byggju í huganum.

Í kenningu Berkeleyys er aðeins um eiginleika hugmynda/hugtaka að ræða. Maðurinn getur aðeins þekkt hugtök eða hugmyndir (idea) sínar fyrir tilstilli skilningarvita, minnis og myndunarafls. Þannig geta eiginleikar allir sem einn einungis verið til vegna skynjunar. Hugmyndir þær, er hugurinn geymir, eru verundir. Hugurinn er eins konar hýsill, sem einnig ber að skilja sem verund í sjálfum sér, aðgreindur frá hinum. Þannig eiga hugsanir, ástríður og hugmyndir einungis tilvist í huga manns.

Sama má um hina ytri veröld segja raunar. Það er skynjun vor sem ljær henni tilvist. Þannig er ekki unnt að aðgreina eiginleika hluta frá skynjuninni (t.d. birtu, lögum, lit og svo framvegis), skynjanlegur hlutur er óhjákvæmilega háður skynjun. Þess vegna getur ekki verið um tilveru að ræða án hugar/skynjunar.

GB fer einnig aðra leið að kjarna máls síns. Skynjanlegir eiginleikar hluta berast til okkar um skilningarvitin sem hugmyndir. Það er engin þversögn í sjálfu sér, að hugmynd búi í þeim, sem skynjar. Sú verund, sem verður áskynja eiginleikanna, hlýtur því að hugsa.

Þannig er ekki unnt að hugsa sér aðgreiningu frumlegra og annarlegra eiginleika í skynjuninni; þ.e. hreyfingu án hlutar, rúmtak á litar og svo framvegis. Þar með eru allir eiginleikar bundnir huganum, eru hugmyndir. Því hljóta orsakir að vera hugmyndir. Þetta eru kölluð órofarök.

GB andmælti sem sé þeirri skoðun, að hlutir gætu verið orsakir hugmyndanna, því hlutir eru í sjálfu sér hugmyndir. Við samanburð eru ævinlega bornar saman tvær hugmyndir. Þetta má kalla samlíkingar- eða líkingaregluna – fyrri leið. Forsenda samanburðar er skynjun. Að öðrum kosti væri ekki um hugmynd að ræða. Því hlýtur orsök að vera fólgin í hugmynd.

Seinni leiðin gæti verið þessi: Hugmynd getur einungis svipað til annarrar hugmyndar áþekkrar gerðar. Til dæmis líkist litur öðrum liti. Hugmyndum getur því ekki svipað til hluta, nema þeir séu hugmyndir sjálfir. Þar af leiðandi hljóta orsakir að felast í hugmyndum.

Hið skynjaða, hugmyndir, vekja úr læðingi kenndir eða tilfinningar á stiga frá ánægju til andúðar.

GB taldi sértæk (abstract), algild hugtök ekki vera til. En aftur á móti lýsir hann sig sammála þeim, sem halda fram tilveru algildra eða almennra hugtaka. Hann segir m.a. (frjálsleg þýðing úr Principles of Human Knowledge, intro 12) :

„Mér sýnist, viljum við á annað borð ræða af skilningi og láta hjá líða að tala um það, sem enginn botn fæst í, að samkomulag næðist um eftirfarandi: Við ljáum sérkvæðu (particular) hugtaki almenna merkingu (general), þegar það er látið tákna öll önnur hugtök af sama toga. Tökum sem dæmi rúmfræðing, sem skiptir tiltekinni, svartri línu í tvennt. Við sannanir í rúmfræðinni hefur lína almenna merkingu. Um allar aðrar línur gilda sömu lögmál og um hina tilteknu. Hin tiltekna lína öðlast þannig almennt gildi eins og sjálft orðtáknið, „lína.“ Hún öðlast þetta gildi í ljósi þess, að hún táknar allar sumkvæðar, beinar línur, sem hugsanlega eru til, og er því ekki tákn sértekens eða algilds hugtaks.“

Immanul Kant taldi kenningar George Berkeley, biskups, vera dæmi um þá hreinu hughyggju, sem ýtt var úr vör í Eleu (á vesturhluta Ítalíu, heyrði til forngrískum menningarheimi) í fornöld. Árgali hennar var heimspekingurinn Parmenídes.

Immanuel Kant útskýrir í bók sinni: Forspjall að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar (Heimspekistofnun, Rvk. 2008): „Staðhæfing allrar ósvikinnar hughyggju, frá skóla Eleatanna til Berkeleyys biskups, felst í þessum orðum: „Öll þekking sem fæst frá skilningarvitum og reynslu er ekkert nema sýndin tóm, en sannleikur er aðeins í hugmyndum hins hreina skilnings og hreinni skynsemi.“

„Heimspekin eða ástarspektin snýst einvörðungu um speki og sannleika. Því mætti með sanngirni vænta þess, að þeir, sem eru þaulsetnir yfir fræðunum og ástunda þau gjörhugult, uppskæru í senn hugljómum, hugarró og vissu. Því ættu þeir hinir sömu síður að velkjast í vafa og reyna erfiðleika en aðrar menn.“

En því er svo sannarlega ekki svo farið. Hinn menntunarsnauði meirihluti fólks, sem af eðlishvöt arkar þá lífsleið, sem vörðuð er almennri skynsemi, sýnir yfirleitt fá merki brenglunar eða vansældar. Það, sem fyrir augu þess og eyru ber, virðist fólkið bera skynbragð á án verulegra átaka.

Það lætur ekki í ljósi vantraust á skilningarvitum sínum. Eigi heldur vofir yfir því sú hætta að ánetjast efahyggju. En undir eins og viti hinnar æðri reglu lýsir og leiðsögn skilningarvita og eðlishvata sleppir, þ.e. þegar við sökkuvum niður í íhugun og brjótum heilann um eðli hlutanna, bregður birtu þess skilnings, sem við áður áttum, og hugurinn týnist í þoku efasemdanna.

Bryan Magee: „...hann [Berkeley] hélt því ákaft fram að heimspeki sín væri andstæð efahyggju og að hann efaðist hvorki um vitnisburð skilningarvitanna né að það sé eitthvað þarna úti sem

er uppspretta hans. Hann hélt því fram að það sem er þarna úti sé ekki efnislegt, sé ekki efni. Hann vildi fullyrða að raunverulegustu hlutirnir í heiminum, og hinir einu raunverulega gerendur eða orsakir, væru andar – hinn óendalegi andi og skapaðir endanlegir andar....

Skynheimurinn er hluti af veruleikanum en honum er fengið mjög lítilfjörlegt hlutverk. Hann er til, Berkeley staðhæfir jafnvel að hann sé raunverulegur, en það er einhvers konar annars flokks veruleiki, háður huganum, óvirkur og ekki eiginleg verund. Tilgangur Berkeleys er í grundvallaratriðum guðfræðilegur.“ (Michal Ayers. Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Híb 2002, s. 142-143.)